



## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Hörðuvallaskóli Kópavogi

**Nafn verkefnis:**

Hæfninám í Hörðuvallaskóla

**Verkefnisstjóri:**

Íris Björk Eysteinsdóttir, deildastjóri

**Umsókn númer:** UMS – 90. Dagsetning: 1.8.20 -31.7.22

**Markmið verkefnis:**

Að eftir fjögur ár í þróunarverkefninu verði allir nemendur í 7. til 10. bekk í sama skipulagi. Skipulagið gengur út á samþættingu allra bóklegra námsgreina, samkennslu og notkun ýmissa kennslufræðilegra stefna eins og lausnarleitarnáms (e. Problem- based learning), verkefnamiðaðs náms (e. Project based learning) og allt mat verði byggt á leiðsagnarmati (e. Formative assessment). Með því að taka þetta form af kennslu upp í skólanum í stað hefðbundins bóknáms, teljum við okkur undirbúa nemendur betur undir framtíð í takt við grunnþætti menntunar skv. Aðalnámskrá og og á sama tíma að þjálfa nemendur í 21. aldar hæfni framtíðar. Þróunaráætlun fyrir verkefnið var útbúin árið 2021 þar sem stuðst er við fræðin. Í kjölfarið hafa stjórnendur skólans stöðugt kynnt sér samþætt, verkefnamiðað nám ásamt leiðsagnarnámi og kynnt sér hvað fræðin segja um þessa kennsluhætti. Eins og sjá má hér að neðan styðja fræðin okkur í breytingum okkar á kennsluháttum:

Samkvæmt Drake, S., og Reid, J. (2018) hafa áherslur í menntun færst frá því að nemendur þurfi að leggja ákveðna þekkingu á minnið eins og áður var yfir í að nemendur þrói með sér áhuga til að halda áfram að læra út lífið. Nemendur þurfa nú að geta lagt mat á hvað eru áreiðanlegar upplýsingar og hvaða upplýsingar eru falsupplýsingar. Nemendur dagsins í dag þurfa að vera skapandi hugsuðir sem geta sinnt nýsköpun í heimi ótakmarkaðra upplýsinga. Tækni og alþjóðavæðing hefur gríðarleg áhrif á 21. aldar hæfni sem Drake og Reid skilgreina sem hæfni í samskiptum, persónustyrkur, sköpun, gagnrýnin hugsun, samvinna og borgarvitund. Samþætting námsgreina er samkvæmt þeim Drake, S., og Reid, J. (2018) framúrskarandi leið til þess að kenna hæfni 21. aldarinnar.

**Leiðir að markmiði:**

Kennsluháttum var breytt. Kennrarar fengu sérfræðinga til að vinna með sér við hugmyndarfræðina í upphafi, fengu kennsluafslátt til að þráa kennsluhætti og útbúa námsefni og þemu. Verkefnið

færðist smátt og smátt upp með nemendum sem byrjuðu í því í 7. árgangi og nýir 7. árgangar hafa svo byrjað að starfa eftir þessum kennsluháttum frá því verkefnið hófst. Breyttir kennsluhættir fylgja svo nemendum út skólagöngu þeirra.

**Frávik frá áætlun:**

Þar sem úthlutaður styrkur var töluvert lægri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir þurfti að taka tillit til þess. Kostnaðarliðurinn, sérfræðipjónusta var ekki nýtt eins mikið og áætlað var. Þess í stað var jafningjafraðsla og stuðningur innan teymisins nýttur eins og kostur var. Einnig fræðsla frá sérfræðingum innan skólangs eins og skólastjóra og verkefnastjóra. Einnig þurfti að gefa rými fyrir fagtíma í stærðfræði, íslensku og ensku í stundatöflu nemenda að einhverju leyti að beiðni foreldra og kennara og var það aðlagað í kjölfar ytra mats sérfræðinga.

**Helstu hindranir:**

Helstu hindranir við framkvæmd verkefnisins snéru að C-19. Um nokkurra vikna skeið vantaði marga í skólann, bæði nemendur og starfsfólk. Einnig höfðu skiptingar í sóttvarnarhólf töluverð áhrif en reynt var að útfæra verkefnið eftir aðstæðum hverju sinni. Samvinna varð því minni á tímabilinu sem C-19 stóð yfir og skerðing varð á allri teymisvinnu. Við héldum þó okkar striki samkvæmt þróunaráætlun og höfum nú komið á hæfninámi með áherslu á samþættingu í 7.-9. árgögum og bætist 10. árgangur við á næsta ári.

**Helsti áviningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhlíða verkefnisvinnu:**

Það skapaðist mikil og jákvæð samvinna milli nemenda annars vegar og kennara hins vegar. Heimasiða verkefnisins fór í loftið nú á vordögum og hana má sjá [hér](#). Aðrir skólar sem hafa heyrt af vinnu okkar hafa verið duglegir að óska eftir kynningum frá okkur á verkefninu og því hefur óvænt orðið til stórt og öflugt lærdomssamfélag skóla sem vinna eftir svipaðri hugmyndafræði. Þá hafa kennurum og verkefnastjóra verið boðið að halda námskeið og fyrirlestra um hugmyndafræðina og útfærslu námsins sem hefur verið valdeflandi fyrir kennara og stjórnendur Hörðuvallaskóla.

Það hefur einnig verið mjög jákvætt að sjá áhugahvöt nemenda aukast jafnt og þétt eftir því sem þeir vinna lengur í hæfninámi. Nemendur sem áður voru mjög bókamiðaðir og fastir í viðjum gamalla ramma skólakerfisins hafa blómstrað, eflist og til dæmis verið með okkur á kynningum bæði fyrir foreldra og aðra nemendur. Nemendur eru líka orðnir betri í að halda fyrirlestra fyrir framan aðra, vinna sjálfstætt og í hóp og út frá sínu áhugasviði.

**Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Já, tvímælalaust. Samþætt, verkefnamiðað nám er komið til að vera í Hörðuvallaskóla og verður við lýði í 7.-10. árgögum frá og með næsta skólaári eins og áætlað var.

Sérfræðingar hafa einnig gert ytra mat á verkefninu og höfum við aðlagað verkefnið stöðugt miðað við niðurstöður þeirra og ráðgjöf sérfræðinga. Einnig höfum við byrjað að gera okkar eigið innra mat á verkefninu þar sem við spyrjum nemendur, kennara og foreldra út í breyttar kennsluaðferðir og áhrif þeirra á líðan og námsárangur nemenda.

**Niðurstöður verkefnisins:**

Lagt var upp með að eftir fjölgur ár í verkefninu þá yrðu allir nemendur í 7. – 10. árgangi í sama skipulagi þar sem áhersla væri á samþættingu bóklegra námsgreina, samkennslu, verkefnamiðað

Sprotasjóður  
Ágúst 2022

Nafn umsækjanda: Þórunn Jónasdóttir Númer umsóknar: UMS-90  
Netfang umsækjanda: [thorunnjona@kopavogur.is](mailto:thorunnjona@kopavogur.is) Hörðuvallaskóli

nám og lausnaleitarnám og allt námsmat byggí á leiðsagnarnámi. Það hefur ræst. Frá og með næsta vetri verða allir nemendur í 7.-10. árgöngum í slíku námi að mestu leyti. Að auki hefur samþætting aukist í 6. árgangi og verður stærri hluti af námi þess árgangs á næsta skólaári. Þannig vonumst við til að vinnubrögðin og aðferðarfræðin færst smátt og smátt inn í allan skólann.

Verkefnið heldur áfram og þekking kennara á ofangreindum aðferðum eykst stöðugt þar sem nemandinn er alltaf í brennidepli skólastarfsins. Aðalmarkmið okkar er ávallt að útskrifa nemendur sem eru með hæfni til að takast á við margbreytilega framtíð, geta unnið með öðrum ásamt því að vera sjálfstæðir og skapandi.

**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:**

Skýrsla til Sprotasjóðs. Kynning á verkefninu til annarra kennara skólans hefur farið fram nú þegar á kennarafundum. Einnig höfum við haldið kynningar á verkefninu hjá öðrum skólum í Kópavogi og víðar, eftir eftirspurn. Heimasíða verkefnisins er komin í loftið og þar er stöðugt hægt að kynna sér verkefnið.

**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um:**

Styrkveiting Sprotasjóðs var mikilvæg í þessu þróunarverkefni, án þess hefði verkefnið ekki verið unnið svona hratt og örugglega og komist á svona gott flug. Við erum Sprotasjóði mjög þakklát.

Rekstrarreikningur 01.09.2021-31.07.2022		
útgjöld og innkoma	gjöld	tekjur
Aðkeypt aðstoð frá HÍ	230.000	
Prentkostnaður og bækur	22.100	
Laun kennara og verkefnisstjóra	1.440.000	
Styrkur frá Sprotasjóði 31.8.2021		720.000
Styrkur frá Sprotasjóði 15.08.2022		360.000
Fjármagn frá skóla		612.100
	<b>1.692.100</b>	<b>1.692.100</b>

Dagsetning:

Undirskrift verkefnisstjóra:

*Ju. Eysteinsson.*

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla:

*Þórunn Jónasdóttir*